

# Framtíðarsýn sem færir Samfylkinguna til hægri

Bókarhöfundar: **Magnús Orri Schram**

Bókarheiti: **Við stöndum á tímamótun**

Gagnrýnandi: **Baldvin Bergsson**, stjórn málafræðingur og fréttamaður

Útgáfa: **Veröld, Reykjavík, 2012, 137 bls.**

## Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Í stuttu máli þá er bókin lípurlega skrifuð og gefur góða mynd af stefnu þingmannsins auk þess sem hún er athyglisvert innlegg í umræðu um íslenska flokkapólítík. Ekki er hægt að segja að margt í henni komi á óvart en áhugamenn um stjórn mála ættu hins vegar að gefa sér tíma til að lesa í gegnum hana.“

Þegar alþingismaður gefur út bók um áherslur sínar og framtíðarsýn er ástæða til að fagna. Bók Magnúsar Orra Schram, *Við stöndum á tímamótun*, er skýr vitnisburður um pólitíska sýn en um leið markalína pólitískra átaka. Í bókinni lýsir Magnús þeim leiðum sem hann telur að eigi að fara til að efla samkeppnihæfni landsins og móta nýja atvinnustefnu þar sem umhverfisvernd og atvinnulíf taka höndum saman. Áherslur Magnúsar bera öll helstu einkenni frjálslyndrar jafnaðarmannastefnu, þar sem frelsi markaðarins kallast á við öflugt velferðarkerfi.

Magnús Orri telur að Samfylkingin hafi færst of langt til vinstri í samstarfinu við Vinstri græna. Mikilvægt sé að leita aftur til hægri, inn á miðjuna, þar sem helsta sóknarfærið sé að finna. Reyndar er athyglisvert að hann talar um ríkisstjórn jafnaðarmanna og vinstrimanna og í kafla um umhverfismál segir hann vinstrimenn hafa verið í fararbroddi í málaflokknum, nú sé kominn tími á aðra flokka. Eigum við að skilja þetta sem svo að Samfylkingin sé ekki vinstri flokkur? Eða vill hann skilja á milli jafnaðarmanna sem eru vinstra megin við hina pólitísku miðju og þeirra sem skipa sér enn lengra til vinstri á pólitískum kvarða? Svara er ef til vill að leita í gagnrýni Magnúsar á Sjálfstæðisflokkinn sem hann segir ganga gegn frjálsum viðskiptum og alþjóðasamvinnu. Hófsamir miðjusæknir kjósendur verði að sækja annað, til þess flokks sem sé orðinn raunverulegur málsvari atvinnulífs og velferðar. Til að Samfylkingin nái vopnum sínum þurfi hún að höfða betur til miðjufylgisins og smærri atvinnurekenda. Ljóst er að margir hægri kratar telja sig hlunnfarna í hinum stóra flokki, þeir gætu séð framtíðarforingja í þessum skrifum.

Magnús Orri telur að nýsköpun og virðisauki sé lykillinn að farsælla samfélagi á

Íslandi. Í raun má segja að þetta sé rauði þráðurinn í gegnum bókina, hugvitið sé helsta auðlind Íslendinga og að því þurfi að hlúa. Þessi stefna birtist meðal annars í áherslum hans í atvinnu-, mennta- og skattamálum, sem þurfi að skoða sem eina heild til að byggja upp nýsköpunardrifið hagkerfi. Ríkið eigi í því sambandi að vera í stuðningshlutverki en ekki beinn gerandi.

Í kaflanum Samkeppnishæfni Íslands birtist sýn Magnúsar Orra á hlutverk ríkisins með hvað skýrustum hætti. Ríkið á ekki að skapa störf segir hann, heldur tryggja samkeppnishæfni. Það megi til dæmis gera með því að veita fjármunum í þróunarstarf, menntun og rannsóknir, og styðja við öfluga innviði í fjarskiptum og samgöngum. Huga þurfi að efnahagslegum stöðugleika, góðu aðgengi að fjármunum með hagstæðum vöxtum til lengri tíma, hæftu vinnuafls og brottnámi samkeppnishindrana. Ríkið á samkvæmt þessu að einbeita sér að viðskiptaumhverfinu, en láta öðrum um viðskiptin. Auðvelt sé fyrir ríkið að fjölga störfum, til dæmis í byggingariðnaði, en þau séu ekki sjálfbær og muni ekki lifa sjálfstæðu lífi án ríkisvaldsins. Það sé óæskileg stefna sem muni ekki skila sér í aukinni samkeppnishæfni.

Afstaða Magnúsar Orra til Evrópusambandsins og upptöku evru er skýr en hann telur hagsmunum Íslands best borgið innan ESB. Valkostirnir eru að hans mati veik króna í höftum með verðtryggingu sem íþyngi heimilum, eða evra sem muni leiða til hagvaxtar. Magnús eyðir ekki löngu máli í rökstuðning enda er bókin frekar stutt, 137 blaðsíður í 25 köflum. Hann dregur því aðeins fram helstu rök og vísar í heimildir máli sínu til stuðnings. Þetta er kostur að mínu mati. Ólíklegt er að hann sannfæri eindregna andstæðinga aðildar en fyrir vikið er bókin læsileg og skýr.

Varðandi frágang bókarinnar þá hefði efnisorðalisti bætt hana til muna. Þrátt fyrir að bókin sé stutt væri gott að geta á einfaldan hátt séð hvar fjallað er um tiltekin mál, því þótt kaflaheitin séu að mestu lýsandi eru stærstu málin ekki endilega einskorðuð við ákveðna kafla. Þá skal viðurkennt að ég hefði viljað sjá eiginlega heimildaskrá þótt heimilda sé vissulega getið í neðanmálgreinum.

Í stuttu máli þá er bókin lipurlega skrifuð og gefur góða mynd af stefnu þingmannsins auk þess sem hún er athyglisvert innlegg í umræðu um íslenska flokkapólitík. Ekki er hægt að segja að margt í henni komi á óvart en áhugamenn um stjórnmál ættu hins vegar að gefa sér tíma til að lesa í gegnum hana.